

Sp.

599. Nefndarálit

[52. mál]

um till. til þál. um rannsókn virkjunarskilyrða á Vestfjörðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og er sammála flutningsmönnum um nauðsyn þeirrar rannsóknar, sem þar er rætt um. Nefndin telur hins vegar mjög vafasamt, að auðið sé að miða væntanlega virkjun eða virkjanir við það, að þær geti „örugglega“ fullnægt þörfum þessa landshluta á „komandi áratugum“, því að auðvitað er ógerlegt að fullyrða með nokkurri vissu um það, hversu þróunin verður á komandi áratugum, jafnt í þessum landshluta sem í öðrum, enda hefur reyndin til þessa oftast orðið sú, að ýmiss konar framkvæmdir, sem átt hafa að vera fullnægjandi um langa framtíð, hafa orðið ófullnægjandi eftir skamman tíma. Nefndin telur því rétt að breyta þessu orðalagi, því að það kynni ella að tefja mjög bæði rannsókn og framkvæmdir.

Nefndin telur sjálfsagt að stefna að því að ljúka rannsóknum þessum fyrir næsta haust, en vill þó ekki ákveða fortakslaust, að þeim verði lokið fyrir þann tíma, ef það gæti orðið því til hindrunar, að hægt væri til hlítar að athuga alla þá möguleika, sem til greina kunna að koma, því að mikilvægt er, að jafndýrar framkvæmdir og virkjanir eru séu vandlega undirbúnar.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að tala ríkisstjórninni að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvaða fallvatn eða fallvötn séu vænlegust til raforkuframleiðslu fyrir Vestfirði, þannig að fullnægt geti orðið raforkuþörfum þessa landshluta. Skal leitt í ljós með rannsókninni svo sem auðið er, hvaða möguleikar eru til raforkuframleiðslu á þessu svæði. Rannsókn þessari sé hraðað eftir föngum og að því stefnt, að rökstuddar tillögur og áætlanir um, hvar og hvernig sé haganlegast að virkja, liggi fyrir haustið 1952.

Alþingi, 14. jan. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson,
form.

Jón Gíslason,
fundaskr.

Magnús Jónsson,
frsm.

Jón Sigurðsson.

Jörundur Brynjólfsson.

Magnús Kjartansson.